

Left-
strokkar



Oliu-
strokkar

Landvélar hf

Timinn

258. tbl. — Þriðjudagur 11. nóvember — 59. árgangur

PRIMUS
HREYFILHITARAR
Í VÖRUBÍLA OG VINNUVÉLAR



HF HÖRÐUR GUNNARSSON
SKÚLATÚNI 6 — SÍMI (91)19460

ÓLAFUR JÓHANNESSON, VIÐSKIPTARÁÐHERRA:

Vona að mestu efnahags- erfiðleikarnir séu að baki

OÓ-Reykjavík — Við viljum vona, að mestu erfiðleikar okkar í efnahagsmálunum séu að baki. Það eru viss teikn á lofti um að dýrtíðaraldan í heiminum sé aðeins að réna og við njótum góðs af. Þetta sagði Ólafur Jóhannesson viðskiptaráðherra í gær, í framhaldi af upplýsingum, sem hann gaf af ráðherrafundi EFTA. Í ræðu þeirri, sem Þórhallur Asgeirsson ráðuneytisstjóri flutti í nafni Ólafs á fundinum, sagði að í

Bandaríkjunum mætti greina ýmis batamerki í efnahagsmálum, sem enn hefðu ekki náð til Evrópu, en vonir stæðu til að áhrifin myndu brátt ná til alls heimsins. Þar sem fjórðungur alls útflutnings Íslendinga er seldur til Bandaríkjanna, sést vonarglæta í hinu dimma tímabili, sem við höfum gengið gegnum.

Ólafur sagði, að verð á einstaka

afurðum okkar hefði farið aðeins hækkandi, en aldrei væri að vita, hvort slíkt væri varanlegt. — Enn er kreppuástand í flestum Evrópulöndum, sagði Ólafur, en batinn í Bandaríkjunum hlýtur að hafa verulega þýðingu fyrir okkur vegna hins mikla útflutnings þangað, og maður verður að vona að þetta verði meira en stundarfyrirbæri. Ráðherrann lagði áherzlu á að það tæki okkur áreiðanlega talsverðan tíma að kom-

ast út úr þeim erfiðleikum, sem hrjá okkur. Til að mynda er viðskiptahallinn alltof mikill til að hann verði réttur af á stuttum tíma. Getur því engin snögg breyting orðið á. — Það mætti kannski framkalla hana, sagði ráðherrann, en vildi ekki segja nánar hvað þar kæmi helzt til greina, en slíkt hefði ýmsar afleiðingar, sem flestir teldu mjög ósækilegar.

4 meðvitundar- lausir eftir umferðarslys

Gsal-Reykjavík — Um fátt er nú meira rætt manna á meðal en hin mörgu og ógnvekjandi umferðarslys, sem orðið hafa á síðustu vikum. Samkvæmt upplýsingum, sem Timinn fékk hjá deildarlækni á gjörgæzludeild Borgarspítalans í gærkvöldi, liggja nú fjórir meðvitundarlausir á deildinni eftir umferðarslys: pilturinn, sem slasaðist í umferðarslysi á mótum Laufásvegur og Njardargötu aðfaranótt 25. fyrra mánaðar, stúlkan, sem varð fyrir bil á Húsavík 3. nóvember, pilturinn, sem slasaðist á Djúpvögi í umferðarslysi laugardaginn 8. nóvember, og konan, sem varð fyrir bil í Keflavík á sunnudagskvöld.


Að sögn deildarlæknisins er aðeins í einu tilvikinu hægt að merkja betri líðan, en það er hjá gömlu konunni, sem varð fyrir bil í Keflavík.

Hraðskákmót að loknu svæðismóti

Í gærkvöldi var háð hraðskákmót og voru keppendur 100. Teflt var eftir Monradkerfi. Hver þátttakandi tefldi 16 skákir í 8 umf.

Efstir voru:
Poutianen með 14 1/2
Zwaig með 13
Jónas P. Erlings. 12
Jansa 12
Jón Þorsteinsson 11 1/2

Fríðrik Ólafsson og Jansa fara yfir skák sína, eftir að henni hafði lokið með jafntefli í gær. Lengst til hægri er Liberzon, baki við ljósmyndaranum snýr van den Broeck, og til vinstri er Ingi R. Jóhannsson. Urslit svæðismótsins eru á bls. 7.
Tímamynd: Róbert.



Síldveiðin: Ekki fleiri bátar kærðir

gébé — Í gær rann út frestur fyrir þá sjö bátar, sem hafa síldveiðileyfi hér við land, en höfðu ekki hafið veiðar fyrir helgina. Alls fengu 43 bátar síldveiðileyfi. Þórhur Eyþórsson hjá sjávarútvegsráðuneytinu sagði fréttamanni Timans í gær, að þeir væru velflestir farnir til veiða. Ekki væri þó vitað með vissu um 2—3 bátar, þeir hefðu ekki fengið neinn síldarafla, þegar síðast fréttist.

Ekki hafa verið kærðir fleiri bátar fyrir að veiða meira en kvóti þeirra sagði til um. eða 215 tonn. Það er aðeins Hrafn GK sem kærður hefur verið, enda framíð einna gróflægasta brotið, fór 155 tonn fram yfir leyfilegt kvótamagn.

Mig langar að taka alveg af skarið á næsta ári

— SEGIR FRÍÐRIK ÓLAFSSON STÓRMEISTARI

FJ—Reykjavík — Það má eiginlega segja að ég sé ekki alveg kominn í takt við sjálfan mig ennþá, sagði Fríðrik Ólafsson í viðtali við Timann í gær, eftir að hann hafði misst af möguleikanum til þátttöku í millisvæðamótiinu með jafnteflinu við Jansa. Þetta jafntefli sagði Fríðrik að hefði verið „fingurfeill“ hjá sér, því að áður en skákin fór í bið, hefði hann átt um fleiri en eina vinningsleið að velja, en einhvern veginn hefði hann misst möguleikana niður og skákina í jafntefli.

Fríðrik kvaðst hafa mikinn áhuga á því að geta helgað sig skákinni einvörðungu áfram. — Ég er búinn að vera í þessu ári annað ár núna, en það tekur lengri tíma en það að temja sér

rétt vinnubrögð og koma taflmennskunni á fullnægjandi grundvöll, setja hvern hlut á sinn bás, ef svo má segja. Mig langar til að taka alveg af skarið á næsta ári.

Fríðrik sagði, að út af fyrir sig væri árangur hans ekkert til að skammast sín fyrir, og þessi árangur væri heldur stífgandi hjá sér miðað við síðustu mót á undan. — En ég byrjaði illa á þessu móti, og á tímabili virtust engir möguleikar á því að ég kæmist í snertingu við efstu sætin. Svo tókst mér að vinna nokkrar skákir á kröftunum, en því miður dugðu þeir ekki í síðustu skákinni, þar sem segja má að allt hafi gengið á móti mér undir lokin.

Fríðrik sagði, að mót þetta

hefði verið skemmtilegt að mörgu leyti, og áreiðanlega skemmtilegt fyrir áhorfendur, þar sem hart var barizt og lítið um aðgerðalaus jafntefli, eins og þau sem oft verða á miklum stórmeistaramótum. Af skákum sínum kvaðst Fríðrik telja skákirnar við Poutianen og Hartston einna beztar frá sinni hendi.

— Ég setti nú miðid svolitíð á þetta mót, sagði Fríðrik. Svo það hefur eitthvað að segja, að ég skuli hafa misst af strætisvagninum að heimsmeistaratitlinum næstu þrjú árin. En ég hef fullan hug á að halda skákinni áfram og gera hana alveg upp við mig á næsta ári.

Strax eftir áramótið tekur Fríðrik þátt í skákmóti í Hollandi.

97 MILLJÓNIR Í INNISTÆÐULAUS- UM ÁVÍSUNUM

— Bankarnir standa ekki við eigin reglur

MÓ-Reykjavík. Bankarnir standa ekki við þær reglur, sem þeir hafa sjálfir sett sér og samþykkt að standa við, sagði Björn Tryggvason aðstoðarbankastjóri Seðlabankans í viðtali við Timann í gærkvöldi. Á föstudaginn var gerð skyndikönnun á innstæðulausum ávísunum og kom þá í ljós að þá voru 1199 ávísanir innstæðulausar að upphæð 97 milljónir króna.

Það hefur verið reynt að sporna við innstæðulausum ávísunum um fjölda ára, en samt sem áður fjölgar þeim stöðugt. Björn taldi, að ástæðurnar væru margar þótt stærst væri sú, að bankarnir stæðu ekki við sínar samþykktir. Þannig ætti t.d. fjöldi þeirra manna, sem nú verður að kæra fyrir misnotkun ávísana, alls ekki að hafa leyfi til að hafa ávísanaviðskipti vegna fyrra misferlis.

Einnig kæmi þarna til lélegur viðskiptamáti fólks ásamt kæruleysi við að aðgæta hversu háar fjárhæðir viðkomandi ætti inni til að ávísar. Það þarf ekki að eyða orðum að því hve alvarlegt ástand það er þegar jafn mikið af innstæðulausum ávísunum er í umferð, en ástandið ætti nú að fara að batna með tilkomu reiknistofu bankanna. Þá verður a.m.k. framkvæmd könnun á hvort út hafa verið gefnar innstæðulausar ávísanir á hverju kvöldi. Reiknistofan er nú þegar að hluta tekin til starfa, en um áramót verða allir bankarnir farnir að skipta við hana.